

Umhverfi og starfsemi endurskoðunarnefnda – bakgrunnur nefndarmanna og traust á fjárhagsupplýsingum

Einar Guðbjartsson og Jón Snorri Snorrason¹

Ágrip

Markmið þessarar greinar er að greina frá hluta niðurstaðna rannsóknar á umhverfi og starfsháttum endurskoðunarnefnda, nánar tiltekið bakgrunni nefndarmanna, áherslum þeirra og mati á trausti og gagnsæi fjárhagsupplýsinga. Bornar eru saman niðurstöður tveggja kannana höfunda á efninu, annars vegar frá árinu 2012 og hins vegar frá árinu 2016.

Í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga eru gerðar kröfur um að tilteknir lögaðilar, einingar tengdar almannahagsmunum, skv. lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, setji á stofn endurskoðunarnefnd. Tilgangur endurskoðunarnefnda er að tryggja gæði og áreiðanleika fjárhagsskýrslna og fjárhagsupplýsinga, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórnenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins.

Í sömu lögum er kveðið á um að stjórn skipi nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Í greininni verður m.a. reynt að varpa ljósi á bakgrunn nefndarmanna og afstöðu þeirra til þess hvort traust á fjárhagsupplýsingum hafi aukist eða ekki.

Gerðar voru tvær kannanir meðal stærstu fyrirtækja og stofnana landsins (sem falla undir skilgreininguna einingar tengdar almannahagsmunum) 2012 og 2016. Samanburður á niðurstöðum þessara kannana bendir til þess að breytingar hafi átt sér stað á vissum þáttum. Niðurstöðurnar varpa ljósi á aðstæður og umgjörð endurskoðunarnefnda sem kunna að leiða til breytinga t.d. á löggjöf. Þetta er

1 Einar Guðbjartsson er dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: eg@hi.is. Jón Snorri Snorrason er lektor við Háskólann á Bifröst.

fyrsta rannsóknin þar sem tvær kannanir á umhverfi og starfsemi endurskoðunarnefnda, sem framkvæmdar voru með nokkurra ára millibili, eru bornar saman.

Abstract

The aim of this paper is to report partial results of a study on the environment and practices of audit committees in Iceland. The findings of two surveys, one from 2012 and the other from 2016, are compared. The paper identifies, among other things, education of committee members, reliance on financial information and the emphasis of audit committees. In the Annual Accounts Act, no. 3/2006, it is required for certain legal entities, public interest entities, according to the Act of Auditors, no. 79/2008, to establish an Audit Committee. The purpose of the audit committee is to ensure the high quality and high reliability of financial reporting and financial information. It does not matter whether the reports are for the administrators of the entity or the stakeholders outside the entity.

The Annual Accounts Act, no. 3/2006, provides that the board constitute an audit committee. The aim of this paper is to disclose partition of gender, education of members and changes in trust regarding financial reports according to audit committee's members.

The surveys were done among the leading companies and institutions of Iceland (which fall within the definition of "public interest entities"). The overall view is how audit committee's issues are handled. This is the first study of its kind, which specifically look at committees in Iceland.

JEL flokkun: M420; K220

Lykilorð: Reikningsskil; endurskoðun; endurskoðunarnefndir; óhæði; einingar tengdar almannahagsmunum; 8. tilskipun ESB.

Keywords: Accounting; auditing; audit committees; securities law; public interest entity.

Environment and activities of Audit Committees. Background of committee members and trust in financial information.

1 Inngangur

Vægi og umfang endurskoðunarnefnda hefur aukist mjög mikið á allra síðustu árum. Samkvæmt tilskipun Evrópuráðsins frá 2014 (EU, 2014) hefur umfang þeirra verið aukið til muna og þar með væntingar fjármagnsmarkaðarins og almennings til samfélagslegs hlutverks endurskoðunarnefnda.

Lykilatriði er að ákveðin þekking, hæfni og óhæði náist og verði viðvarandi í endurskoðunarnefndinni, svo að markmið sem vænta má af nefndinni náist. Sú þekking sem nauðsynlegt er að hafa tengist m.a. reikningsskilum, fjármálum, endurskoðun, ákvörðunum, verkferlum, skilvirkni, sem og markvirkni stjórnunar- og eftirlitsferla. Sjálfstæði og óhæði endurskoðunarnefndar er því mjög mikilvægt og er í raun grundvallaratriði fyrir tilvist nefndarinnar. Eins og fram kemur á heimasíðu FME (Einingar tengdar almannahagsmunum e.d.) þá er gerð sú krafa að sérstök eftirlitsnefnd, endurskoðunarnefnd, starfi hjá einingu tengdri almannahagsmunum.² Endurskoðunarnefnd er í eðli sínu fagnefnd, þar sem m.a. sérþekking, reynsla og óhæði er grunnur að starfinu. Endurskoðunarnefnd þarf að geta unnið sjálfstætt og vera óháð gagnvart sínu nánasta umhverfi.

Erlendis þar sem virkur fjármagnsmarkaður er til staðar hefur verið vaxandi áhersla á aukið eftirlit og eftirfylgni gagngert til að auka áreiðanleika og gagnsæi fjármálaupplýsinga, meðal annars vegna endurtekinnna reikningskila- og fjármálahneyksla. Hlutverk endurskoðunarnefnda hefur komið þar mikið við sögu. Á Íslandi hafa þessar áherslur verið innleiddar í takt við alþjóðlega þróun til að uppfylla ákvæði í tilskipunum frá Evrópusambandinu. Setning laga á árinu 2008 um endurskoðunarnefndir, sem tóku gildi 1. janúar 2009, var ekki beintengd hruni íslensku viðskiptabankanna haustið 2008, heldur var lagabreytingin þáttur í innleiðingu á áttundu tilskipun Evrópusambandsins.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að gefa betri innsýn í umfang og starfsumhverfi endurskoðunarnefnda. Niðurstöðurnar má nota til þess að bæta starfsumhverfi og innviði nefndanna, auk þess sem þær kunna að gagnast við breytingar á lögum og reglugerðum.

2 Fjármálamarkaðurinn og endurskoðunar-nefndir

Á árinu 2002 voru Sarbanes-Oxley lög (SOX, 2002) svokölluðu sett í Bandaríkjunum. Þau komu í kjölfarið á fjölmörgum fjármálahneykslum í kringum síðustu aldamót, meðal annars vegna Enron og Worldcom. Í lögnum voru gerðar auknar kröfur til endurskoðunarnefnda, svo sem að allir nefndarmenn yrðu að vera óháðir stjórnarmenn (SEC, 2003).

Eitt af þeim verkefnum sem endurskoðunarnefnd var ætlað að vinna að var að draga úr svokölluðu „væntingabili“ á milli ytri endurskoðenda og stjórnar eða stjórnenda og annarra haghafa. SOX lög hafa tekið á þessu atriði með því að styrkja sjálfstæði endurskoðunarnefnda og ytri endurskoðenda. Í grein frá 1998 (Hian et al, 1998) er meðal annars fjallað um þetta viðfangsefni og aðkomu endurskoðunarnefnda að því.

2 Á heimasíðu FME, undir flokknum *Einingar tengdar almannahagsmunum*, er fjallað um endurskoðunarnefnd og þar er nefndin tilgreind sem eftirlitsnefnd. <https://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/einingar-tengdar-almannahagsmunum/>

Samhliða þessu voru settar ítarlegar reglur um endurskoðunarnefndir á mörgum hlutabréfamörkuðum, t.d. voru á Nasdaq hlutabréfamarkaðnum settar ítarlegar reglur um undirnefndir stjórnna, sbr. „Equity Rules“ (Nasdaq, 2013). Í þessum reglum er m.a. skilgreind ábyrgð og þær valdheimildir sem endurskoðunarnefnd þarf að hafa til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Lýsir þetta mjög vel mikilvægi endurskoðunarnefnda og þeirri ábyrgð sem nefndarmönnum er treyst fyrir og á aðalfundi félagsins verður nefndin að skila skýrslu sem er hluti af ársreikningi þess (Nasdaq, 2013a).

Í grein eftir Piot (2004) er fjallað um af hverju ytri endurskoðendur eru líklegir til þess að hvetja fyrirtæki til þess að setja á laggirnar endurskoðunarnefndir. Tengist það orðspori endurskoðunarfyrirtækisins, sem er með því að viðhalda gæðum endurskoðunarinnar og um leið að verja vörumerki sitt. Endurskoðunaráhættunni er einnig mögulega hægt að dreifa á endurskoðunarnefnd ef eitthvað kemur í ljós síðar.

3 Endurskoðunarnefndir festast í sessi

Próun starfsumhverfis endurskoðunarnefnda eftir 2000 er að mestu leyti tengd skýrslunni sem nefnd hefur verið Blue Ribbon Committee³ (BRC) og var birt 1999. Í þessari skýrslu var sett fram formleg umgjörð fyrir endurskoðunarnefndir og lagði nefndin til að stofnanir eins og kauphallir innleiddu tilmælin sem fram koma í skýrslunni.

Eftir reikningsskilasvikin hjá Enron og WorldCom var gripið til lagasetningar og SOX lögín voru sett. Í framhaldinu setti Securities and Exchange Commission (SEC) reglur um endurskoðunarnefndir hjá félögum sem eru skráð á hlutabréfamarkað. Var að mestu um að ræða innleiðingu þeirra atriða er fram komu í BRC skýrslunni.

Í Evrópu hafði Evrópusambandið verið að vinna að umgjörð um endurskoðunarnefndir. Tilskipun 2014/56 leit svo dagsins ljós og er tilgangurinn með henni að festa í sessi mikilvægi endurskoðunarnefnda sem og áhættunefnda, sbr. kafla X. Þar eru nokkur nýmæli, s.s. mismunandi form á endurskoðunarnefndum og ef ekki er skipuð endurskoðunarnefnd þá skal greina frá því.

Samtökin FERMA⁴ og ECIIA⁵ gáfu út skýrslu 2014 (ECIIA, FERMA 2014) þar sem fjallað er um mikilvægi endurskoðunarnefnda sem og áhættunefnda þegar kemur að góðum stjórnarháttum. Þessar nefndir eru báðar komnar í eina af þremur varnarlínunum („The three lines of defense“⁶) varðandi m.a. framsetningu á fjárhagslegum upplýsingum.

3 Report and Recommendations of The Blue Ribbon Committee on Improving the Effectiveness of Corporate Audit Committees.

4 Federation of European Risk Management Associations.

5 European Confederation of Institutes of Internal Auditing.

6 Fjallað er um þessar varnarlínur í kafla 6, bls. 10, í skýrslunni, Audit and Risk Committees News from EU Legislation and Best Practices, 2014, sem FERMA og ECIIA stóðu að.

Financial Reporting Council⁷ í Bretlandi gaf út árið 2012 leiðbeiningar um endurskoðunarnefndir sem og leiðbeiningar til nefndarmanna um samskipti við stjórn, hlutverk og ábyrgð og samskipti við hluthafa. Í apríl 2016 voru leiðbeiningarnar frá 2012 gefnar út endurbættar. Starfsumhverfi endurskoðunarnefnda er í stöðugri þróun sem og leiðbeiningar.

4 Skilgreining á hugtakinu „eining tengd almannahagsmunum“

Hugtakið endurskoðunarnefnd er m.a. að finna í ritinu „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins gáfu út á árinu 2005. Ári síðar var félagaréttartilskipun Evrópusambandsins um lögboðna endurskoðun gefin út en samkvæmt henni er aðildarríkjum gert að innleiða í lög áttundu tilskipun Evrópusambandsins um að endurskoðunarnefnd starfi í öllum „einingum tengdum almannahagsmunum“ (The European parliament and the council, 2006).

Í ársbyrjun 2009 tóku gildi hér á landi breytingar á lögum um ársreikninga. Með lögum nr. 80/2008 um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga var bundið í lög að endurskoðunarnefndir skyldu starfa hjá öllum lögaðilum sem teldust vera „eining tengd almannahagsmunum“. Samhliða breytingu á lögum um ársreikninga voru samþykkt ný lög nr. 79/2008 um endurskoðendur þar sem hugtakið „eining tengd almannahagsmunum“ er skilgreint í 7. tl. 1. gr. laganna sem: (a) lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, (b) lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi, (c) lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og (d) félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Þessi félög eiga það sammerkt að þau eru flest undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Lög þessi voru sett til þess að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 160/2006 og hefur verið nefnd 8. félagatilskipun.

⁷ Markmið FRC: „The FRC’s mission is to promote high quality corporate governance and reporting to foster investment.“

5 Hlutverk endurskoðunarnefnda

Endurskoðunarnefndir eru starfsnefndir stjórnar og helstu verkefni þeirra eiga að vera tilgreind í starfsreglum þeirra og í erindisbréfi frá stjórn til endurskoðunarnefndar. Endurskoðunarnefndir eiga, eðli sínu samkvæmt, að gefa skýrslu beint til stjórnar. Þeim er meðal annars ætlað að gefa sjálfstætt og rökstutt álit á endurskoðunarferlinu, virkni innri endurskoðunar, innra eftirliti og áhættustýringu ef við á. Endurskoðunarnefnd hefur þannig á sinni könnu hlutverk stjórnar sem tengjast þessum þáttum. Í því felst m.a. að hafa eftirlit með og yfirsýn yfir þau fimm atriði sem upp eru talin í 108 gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Með breytingu á lögnum sem tók gildi 1. janúar 2009 kom inn nýr kafli um endurskoðunarnefndir í fjórum nýjum liðum í 108 gr. a-d. Þar segir að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd, sem skuli skipuð þremur mönnum hið minnsta. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni.

Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

Í 108 gr. b. laga nr. 3/2006 er fjallað um verkefni og hlutverk endurskoðunarnefnda. Þar kemur fram að endurskoðunarnefnd skuli meðal annars fara með eftirtalin fimm verkefni:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Mikilvægur þáttur innra eftirlits, sem fellur undir hlutverk endurskoðunarnefndar, er það ferli og þær eftirlitsaðgerðir sem lúta að því að tryggja að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar hvort sem um er að ræða ársreikninga, árshlutareikninga eða innri stjórnendaupplýsingar. Áhættustýring á ekki við í öllum fyrirtækjum, heldur tengist hún meira fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum.

Endurskoðunarnefnd annast samskipti við ytri endurskoðendur félagsins. Hún fer yfir og metur óhæði endurskoðanda fyrirtækisins og setur fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda. Í því sambandi þarf nefndin

að ganga úr skugga um að endurskoðendur uppfylli ákvæði laga og reglna um óhæði í störfum sínum. Í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur segir m.a. í 19. gr. um óhæði endurskoðenda:

„Endurskoðandi einingar tengdri almannahagsmunum skal á hverju ári: staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu og ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.“

Um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefndum segir í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga í 108. gr. a. laganna:

„Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.“

Stjórn einingar tengdri almannahagsmunum ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal hún skipuð að minnsta kosti þremur mönnum. Stjórninni ber að hafa í huga 3. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga þar sem ákvæði um óhæði nefndarmanna eru tíunduð, m.a. að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar. Þar kemur meðal annars fram að framkvæmdastjóri einingarinnar skuli ekki eiga sæti í nefndinni.

Hugtakið „óháður einingunni“ er ekki skilgreint nánar í lögum. Þar sem ekki er að finna skilgreiningu í lögum þá hafa fagfélög og stofnanir reynt að innleiða skilgreiningu á hugtakinu og ekki hefur verið samstaða um eina ákveðna skilgreiningu frá því að lög um endurskoðunarnefndir voru samþykkt. Ein af þessu skilgreiningum kom fram í umræðuskjali FME, nr. 6/2011⁸. Í þeirri skilgreiningu var m.a. útilokað að endurskoðunarnefnd sé að fullu skipuð stjórnarmönnum (FME, 2011). Mikil umræða hefur verið um þetta hugtak og ekki eru allir sammála um hvernig eigi að túlka hugtakið „óháður einingunni“, sbr. skýrslu um málefni endurskoðenda frá 2011 og

8 Þetta umræðuskjal FME, nr. 2/2011, Drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila, hefur verið fellt úr gildi af FME. Ekki er hægt að sjá neina tilgreinda ástæðu fyrir því á heimasíðu FME.

skrif endurskoðenda um efnið⁹. Allt frá því að ein áhrifamesta skýrsla síðari tíma um endurskoðunarnefnir kom út árið 2000, Blue Ribbon Committee (BRC), hafa skoðanir verið skiptar um skipan nefndarmanna. Skilgreining á óhæði vegur þar einna þyngst og hafa stórar verðbréfabhallir í framhaldinu sett sínar eigin skilgreiningar. Í BRC var gerður greinarmunur á fyrirtækjum er höfðu markaðsvirði yfir \$200 milljónir og fyrirtækjum sem höfðu markaðsvirði undir þessum mörkum.

Mikilvægt er að nefndarmenn uppfylli kröfu um „óhæði“, en skv. 108 gr. b. laga nr. 3/2006 er eftirlit með verklagi og framkvæmd stór hluti verkefna endurskoðunarnefnda, bæði gagnvart einingunni og gagnvart endurskoðendum einingarinnar. Nefndarmenn þurfa að hafa góðan skilning á rekstri fyrirtækisins ásamt þekkingu á virkni ferla og þeirri starfsgrein sem fyrirtækið er í og æskilegt er að þeir hafi breiða þekkingu á sviði viðskipta auk aðra hæfileika sem nýtast við störf nefndarinnar.

6 Bakgrunnur nefndarmanna og traust til fjárhagsupplýsinga

Endurskoðunarnefndir hafa verið mikið í umræðunni á síðustu árum og fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á hlutverki þeirra, skilvirkni, samsetningu, þekkingu og atferli. Verkefni endurskoðunarnefnda eru mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða nefnd hjá fjármálafyrirtækjum, framleiðslufyrirtækjum eða sveitarfélögum. Starfsemi þessara félaga er mjög ólík og því verða nefndarmenn að horfa á viðfangsefni sín út frá því laga- og regluumhverfi sem við á hverju sinni.

Þar sem stjórnir tilnefna í endurskoðunarnefndir þá endurspeglast oftast ekki hugarfar og menning þeirra í tilnefningunum. Krishnan og Lee (2009) gerðu rannsókn á því hvað það væri sem stýrði því að stjórn skipi frekar í endurskoðunarnefnd einstakling með þekkingu á reikningshaldspáttum en einstakling sem skortir þessa þekkingu. Í niðurstöðum rannsóknarinnar segir að reynsla og þekking nefndarmanna í endurskoðunarnefnd hafi mikið að segja um það hvort nefndin sé atkvæðamikil eða ekki.

Í rannsókn Kelton og Yang (2008) er að finna jákvætt samband á milli hás hlutfalls fjárhagslegrar sérþekkingar (financial expertise) innan endurskoðunarnefnda og þess að nota internetið til að veita fjárhagslegar upplýsingar, sem aftur endurspeglar bæði gæði og gagnsæi í upplýsingagjöf. Í rannsókn Gaynor, McDaniel og Neal (2006) er fjallað um atferli nefndarmanna og kaup á endurskoðunarþjónustu og annarri þjónustu sem endurskoðunarnefnd þarf að samþykkja fyrirfram. Þar kemur fram að nefndarmenn eru tregari til

9 Skýrsla um málefni endurskoðenda frá 2011. Þann 31. ágúst 2010 skipaði efnahags- og viðskiptaráðherra nefnd um málefni endurskoðenda. Skrif endurskoðenda um skipan í endurskoðunarnefndir, t.d. skrif Vignis R. Gíslasonar í Viðskiptablað Morgunblaðsins þann 3. júlí 2014, bls. 12.

að samþykkja að kaupa frekari þjónustu af endurskoðanda ef gera þarf grein fyrir kaupunum í skýringum. Í meistararitgerð Elmars Hallgríms Hallgrímssonar (2011) er fjallað um starfshætti endurskoðunarnefnda og var markmið rannsóknarinnar að leita svara við því hvort starfræksla endurskoðunarnefnda hafi haft jákvæð áhrif á stjórnarhætti íslenskra fyrirtækja. Meginniðurstaða hans var að endurskoðunarnefndir hafi jákvæð áhrif á stjórnunarhætti íslenskra fyrirtækja, ef þær eru skipaðar nefndarmönnum sem hafa þekkingu og reynslu til að sinna nefndarstarfi (Elmar Hallgríms Hallgrímsson, 2011).

6.1 Skoðanakannanir 2012 og 2016

Markhópur kannananna 2012 og 2016 voru þau fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem falla undir lagalegu skilgreininguna „eining tengd almannahagsmunum“, sbr. lög um endurskoðendur. Til að fá heildaryfirlit um ofangreindan markhóp var haft samband við Fjármálaeftirlíð (FME) og Kauphöll Íslands/NASDAQ OMX. Þar fengust listar yfir öll þau hlutafélög, sveitarfélög, stofnanir og lífeyrissjóði sem falla undir ofangreinda skilgreiningu. Þessir listar voru ítarlegir og við nánari skoðun kom í ljós að margar einingar sem þar voru skráðar reyndust heyra undir aðrar stærri einingar (þ.e. voru dótturfélög) og voru því ekki með sérstaka endurskoðunarnefnd á sínum vegum. Það er mögulegt að sumar einingarnar sem voru í rekstri 2012 hafi ekki verið í rekstri 2016 og þær einingar sem voru í rekstri 2016 hafi ekki verið í rekstri 2012 eða hafið rekstur eftir 2012. Nefndarmenn í endurskoðunarnefndum sem svöruðu 2012 höfðu sumir hverjir hætt nefndarstörfum áður en könnunin var gerð 2016.

Á árinu 2012 gerðu höfundar könnun á starfsumhverfi endurskoðunarnefnda og endurtóku hana á árinu 2016. Í umfjöllunni hér á eftir eru helstu niðurstöður þessara kannana bornar saman. Sendur var út spurningalisti til stærstu fyrirtækja og stofnana landsins sem falla undir skilgreininguna „einingar tengdar almannahagsmunum“. Í spurningalistanum var óskað eftir upplýsingum um samsetningu og umfang endurskoðunarnefnda í því augnamiði að varpa ljósi á þær aðstæður sem eru á markaðnum í dag. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um bakgrunn nefndarmanna, þekkingu, reynslu og viðhorf þeirra til ábyrgðar. Það er óskandi að niðurstöður þessarar rannsóknar varpi ljósi á aðstæður og umfang endurskoðunarnefnda og leiði í ljós hvort breytinga sé þörf, til dæmis á lagaumhverfinu eða þeim aðbúnaði sem nefndunum er búinn af hálfu stjórnar.

Í könnuninni frá 2012 svöruðu 62 einingar, 31 lífeyrissjóður, 13 fyrirtæki, 11 fjármálastofnanir, þrjú tryggingafélög, eitt sveitarfélag og þrjár aðrar stofnanir. Ekki náðist að afla upplýsinga um netföng 38% nefndarmanna. 44 svöruðu könnunni eða 38,2% þeirra sem fengu spurningarnar sendar og höfðu endurskoðunarnefndir.

Í könnuninni 2016 var haft samband við 133 einingar tengdar almannahags-

hagsmunum. Einingunum var skipt í fimm flokka; fyrirtæki, stofnanir, lífeyrissjóði, sveitarfélög og annað. Af þeim 133 einingum sem haft var samband við svöruðu 77 fyrirsögnunum. Af þessum 77 reyndust 47 einingar vera með endurskoðunarnefnd. Í 30 tilvikum kom fram að engin slík nefnd væri starfandi hjá viðkomandi einingu. Aðrar einingar, 56 talsins, svöruðu ekki innsendum fyrirsögnunum.

Kynjahlutfall þátttakenda er svöruðu í könnununum tveimur er mjög nálægt því hlutfalli sem er í heildarþýði beggja kannananna. Því ættu niðurstöður í rannsókn þessari ekki að hafa neinn kynjahalla í för með sér. Það sem skilur að kynjaskiptinguna á milli kannana er að fleiri karlar eru í endurskoðunarnefndum 2016 miðað við 2012. Ekki er hægt að draga fram neina eina sérstaka skýringu á þessari þróun er tengist kynjaskiptingu.


Það vekur athygli að af þeim sem svöruðu voru 30 einingar með enga nefnd. Mögulega getur verið um dótturfélög að ræða, þar sem endurskoðunarnefndin situr í móðurfélaginu. Í grein eftir Emiliano o.fl. (2007) kemur fram að í Evrópusambandsríkjunum er nokkur misbrestur á því að skipaðar séu endurskoðunarnefndir, t.d. hafa í Belgíu um 57% fyrirtækja á hlutabréfmarkaði endurskoðunarnefnd, um 18% í Frakklandi og um 70% á Spáni. Mismunandi lagaskylda getur haft hér áhrif. Athygli vekur að einungis 3 sveitarfélög af 16, sem falla undir skilgreininguna „eining tengd almannahagsmunum“, hafa á að skipa endurskoðunarnefnd.

Markmiðið með rannsókninni var að skoða starfsumhverfi og umfang endurskoðunarnefnda í heild sinni. Greinin fjallar hins vegar um afmarkaða þætti rannsóknarinnar, það er um bakgrunn nefndarmanna og traust á fjárhagsupplýsingum. Mikilvægi nefndanna er mikið og á eftir að aukast þegar fram líða stundir, m.a. með þá áherslu að nefndarmenn eru gæslumenn almennings þegar kemur að gæðum fjárhagslegra upplýsinga sem stjórn viðkomandi félags leggur fram. Í næsta kafla verða bornar saman niðurstöður úr könnuninni frá 2016 og þeirri er framkvæmd var 2012, bakgrunnur nefndarmanna skoðaður og traust og gagnsæi. Könnunin á árinu 2016 var gerð með sömu nálgun og könnunin á árinu 2012 og telst því samanburðarhæf. Í framhaldinu ætti því að vera mögulegt að skoða þær breytingar sem kunna að hafa orðið á milli kannananna.

7 Samanburður á niðurstöðum kannananna 2012 og 2016

Það er ljóst að til þess að geta tekið virkan þátt í starfi endurskoðunarnefndar verður nefndarmaður að hafa fullnægjandi þekkingu, skilning og reynslu af viðfangsefninu. Aldur einstaklinga getur verið vísbending um þessi atriði. Því eldri sem viðkomandi er, því meiri þekkingu, skilning og reynslu ætti viðkomandi að hafa við venjulegar kringumstæður. Það sem vert er að skoða í þessu samhengi er aldursdreifing, sjá mynd 1. Í könnuninni frá 2016

er meðalaldur nefndarmanna mun hærri en á árinu 2012. Um 45% nefndarmanna voru yngri en 50 ára árið 2012 en þetta hlutfall var komið niður í 30% á árinu 2016. Eins vekur athygli að þeir sem eru eldri en 60 ára eru um 42,4% árið 2016, en voru einungis tæp 19% árið 2012.




Mynd 1. Aldurskipting nefndarmanna í endurskoðunarnefndum

Í lögum um ársreikninga er tilgreint í 108. gr. a. hvaða þekkingu nefndarmenn skuli hafa og á þá í raun að taka tillit til þeirrar starfsemi sem viðkomandi eining hefur með höndum:


„Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningskila eða endurskoðunar.“

Þær kröfur eru gerðar til nefndarmanna að sérfræðiþekking á sviði fjármála og reikningshalds skuli höfð til hliðsjónar. Í ljósi þess kemur kannski ekki á óvart að mikill meirihluti nefndarmanna er með menntun á sviði viðskipta- eða hagfræði eða hefur löggildingu í endurskoðun, sjá mynd 2. Hluttur þeirra síðastnefndu hefur þó farið minnkandi, úr um 24% árið 2012 í tæp 17% árið 2016. Að sama skapi hefur þeim fjölgað sem hafa viðskipta- eða hagfræðimenntun. Önnur menntun sem nefndarmenn hafa er óbreytt.



Mynd 2. Menntun nefndarmanna í endurskoðunarnefndum


Samkvæmt könnuninni frá 2012 telja einungis tæp 30% svarenda sig hafa þekkingu á reikningsskilum og endurskoðun, en árið 2016 hefur þessi tala hækkað í tæplega 50%, sjá mynd 3. Ljóst er að minna virðist vera um að nefndarmenn séu valdir vegna sérstakrar þekkingar á starfsemi félagsins/sjóðsins og hefur sú tala fallið úr rúmlega 50% í 35%. Þetta skýrist m.a. af því hversu stór hluti nefndarmanna á árinu 2012 voru einnig stjórnarmenn. Það er á ábyrgð stjórnar að sjá til þess að sú sérfræðiþekking sem nauðsynleg er til að sinna lögbundnu hlutverki endurskoðunarnefndar sé til staðar. En eins og fram kemur í lögum um ársreikninga þá þarf einn nefndarmann sem hefur staðgóða þekkingu á reikningsskilum eða endurskoðun. Hér vaknar spurning um hvort ekki hefði átt að vera „og“ í staðinn fyrir „eða“ í ársreikningalögnum, þannig að einn nefndarmanna hafi staðgóða þekkingu á bæði reikningsskilum og endurskoðun.



Mynd 3. Sérþekking nefndarmanna í endurskoðunarnefndum

Eins og áður er getið er hlutverki endurskoðunarnefnda lýst í 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og eru þar talin fimm megin verkefni nefndanna. Í könnuninum var spurt um það hvert af þessum fimm atriðum endurskoðunarnefnd hafi lagt aðaláherslu á í nefndarstörfum sínum síðastliðið rekstrarár. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 4. Athygli vekur aukin áhersla á setja fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðendafyrirtæki. Alþjóðasamtök endurskoðenda, FEE (2016), gáfu út leiðbeiningar 2016 um þessi atriði. Þar kemur m.a. fram hvaða atriði endurskoðunarnefnd ætti að taka tillit til þegar val á endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtæki stendur yfir.¹⁰ Undirstríkar þetta m.a. mikilvægi þessa þáttar. Áhersla á eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila hefur hins vegar minnkað frá árinu 2012. Það sama er að segja um eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings. Svar við þessari spurningu fer eflaust eftir fagþekkingu svarenda. Samt er vert að huga að því að eitt helsta verkefni endurskoðunarnefnda er að hafa eftirlit með verkefnum er tengjast reikningsskilum og endurskoðun. Þess vegna má ætla að þessi þróun sé í raun í andstöðu við hlutverk endurskoðunarnefnda.

¹⁰ Alþjóðasamtök endurskoðenda, EFF, Federation of European Accountants, gáfu út leiðbeiningar 2016 um verkefni við val á endurskoðanda eða endurskoðunarfirmum, Auditor selection 4 steps to a more effective process.




Mynd 4. Áhersluatriði nefndarmanna í endurskoðunarnefndum

Eitt helsta markmið áttundu tilskipunar ESB er að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinga og störf endurskoðenda. Talið er sérstaklega mikilvægt að tryggja slíkt hjá aðilum tengdum almannahagsmunum enda eru þær einingar mun sýnilegri og efnahagslega mikilvægari en aðrar einingar. Í því skyni er lagt til að strangari kröfur gildi um endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Endurskoðunarnefndin er eftirlitsnefnd og með því að kveða á um lögskipun slíkrar nefndar er leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar. Í samræmi við 8. félagatilskipun er lagt til að í einingum tengdum almannahagsmunum skuli tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni. Mikilvægi þessa þáttar jókst einna mest af hinum lögskipuðu verkþáttum endurskoðunarnefnda.

Meginhlutverk endurskoðunarnefnda er eins og áður segir að auka gæði, áreiðanleika og gagnsæi fjárhagsupplýsinga og þá aðallega til ytri haghafa en einnig til stjórnar. Könnuð var afstaða nefndarmanna til þess hvort endurskoðunarnefndir komi til með að auka traust á fjármálamarkaði meðal fjárfesta og almennings, sjá mynd 5. Það er lykilatriði að fjárhagsupplýsingar frá félögum og stofnunum, sem skráðar eru á opinberan markað, séu traustar. Að auka traust fjárfesta og almennings á fjármálamarkaðnum hefur verið miðpunktur allra breytinga allt frá árinu 2008 (European Commission, 2017).


Könnunin frá 2012 leiðir í ljós að nær helmingur nefndarmanna, 47%, sé ekki viss um það hvort eitt af allra mikilvægustu hlutverkum endurskoðunarnefnda náist, þ.e. að auka traust á fjárhagsupplýsingum. Þessi niðurstaða gefur tilefni til að athuga hvort ekki þurfi að endurskoða starfsumhverfi endurskoðunarnefnda, t.d. hvernig valið er í nefndirnar og/eða jafnvel að þröngja reglur um skipan nefndarmanna. Um 40% nefndarmanna voru á sambærilegri skoðun 2016. Þessi niðurstaða er í raun í andstöðu við meginhlutverk endurskoðunarnefndar.

Í könnuninni frá árinu 2016 taldi meirihluti nefndarmanna, eða um 60%, að endurskoðunarnefndir hefðu jákvæð áhrif og vektu aukið traust á fjárhagsupplýsingum hjá fjárfestum og almenningi á fjármálamarkaðnum. Athygli vekur að 37% svarenda 2016 voru ekki vissir um hvort nefndarstörf myndu auka traust á fjárhagsupplýsingum. Það er þó meginhlutverk endurskoðunarnefnda. Í könnuninni 2012 var „já“ og „nei“ spurning um þetta atriði en í könnuninni 2016 var hægt að svara spurningunni á fimm þrepa skala, auk þess sem mönnum var gefinn möguleiki á því að láta spurningunni ósvarað.



Mynd 5. Eykst traust á fjárhagsupplýsingum með tilkomu endurskoðunarnefnda?

Í framhaldi af þessu var kannað hvort nefndarmenn teldu að með tilkomu endurskoðunarnefnda myndi gagnsæi aukast í reikningsskilum, fjármálum og endurskoðun viðkomandi fyrirtækja, stofnana og sjóða, sjá mynd 6. Meirihluti svarenda úr báðum könnunum telur að gagnsæi aukist með tilkomu endurskoðunarnefnda. Þetta hlutfall er nokkru hærra en hjá þeim er töldu að traust hefði aukist á fjárhagsupplýsingum með tilkomu endurskoðunarnefnda.



Mynd 6. Eykst gagnsæi með tilkomu endurskoðunarnefnda?

Gagnsæi hefur aukist mun meira en traust á fjárhagsupplýsingum á milli kannana að mati þátttakenda. En þrátt fyrir aukið gagnsæi þá virðist hluti svarenda ekki gera sér grein fyrir því hvort það komi til með að skila sér í auknu trausti á fjárhagsupplýsingum hjá fjárfestum og almenningi á fjármálamarkaðnum. Að öllu jöfnu ætti aukið gagnsæi að leiða til aukins trausts, en samkvæmt þessum svörum er þetta samhengi ekki fyllilega til staðar.

8 Lokaorð

Almennt er góður alþjóðlegur samhljómur um að auka vægi og aðkomu endurskoðunarnefnda að þeim efnisatriðum er snúa að fjárhagsupplýsingum og endurskoðun. Er það m.a. gert í þeim tilgangi að auka traust almennings og þar með haghafa á fjárhagsupplýsingum. Val á nefndarmönnum í endurskoðunarnefndir er því lykilatriði til þess að ofangreind atriði séu tryggð og skili sér eins og stefnt er að.

Þekking og reynsla nefndarmanna er lykillinn að því að endurskoðunarnefnd uppfylli meginhlutverk sitt með tilliti til efnisatriða í lögum um ársreikninga og alþjóðlegrar þróunar. Það kemur því á óvart að nefndarmenn sjálfir skuli ekki vera vissir um að starf þeirra komi til með að auka traust meðal fjárfesta og almennings á fjárhagsupplýsingum sem birtar eru þriðja aðila. Þetta er eitt af megin viðfangsefnum endurskoðunarnefnda.

Aldurssamsetning nefndarmanna hefur breyst á milli kannanna 2012 og 2016. Samanburður á svörum sýnir að aldur nefndarmanna hefur hækkað nokkuð, mun fleiri 60 ára og eldri sitja í endurskoðunarnefndum núna en miðað við könnunina frá 2012.

Sérþekking á fjármálum, lögum og reikningsskilum (IFRS) hefur aukist nokkuð miðað við könnunina 2012, en sérþekking á endurskoðun og starf-

semi viðkomandi einingar hefur minnkað lítillega hvað varðar endurskoðun og talsvert hvað varðar þekkingu á starfsemi einingarinnar. Samkvæmt rannsókninni hefur einungis lítill hluti nefndarmanna marktæka reynslu af reikningsskilum eða endurskoðun, enda þótt þeir hafi góða þekkingu á viðskiptum og fjármálum.

Í lögum nr. 3/2006 eru talin upp þau fimm verkefni er endurskoðunarnefnd skal annast að lágmarki. Í könnuninum var spurt hver væru tvö helstu áhersluatriðin af þessum fimm. Ekki voru miklar breytingar frá fyrri könnun, en samt lækkar áherslan á vinnuferli við gerð reikningsskila frá fyrri könnun 2012. Áhersla á að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda vex mest af þessum fimm áhersluatriðum á milli kannana.

Hlutverk endurskoðunarnefnda er m.a. að auka traust og gagnsæi fjárhagsupplýsinga. Í könnuninni á árinu 2012 taldi tæpur helmingur þátttakenda að traust á einingunum myndi aukast með tilkomu endurskoðunarnefnda á móti um 60% á árinu 2016. Það sem var sameiginlegt í báðum könnuninum er að nefndarmenn voru almennt mun jákvæðari fyrir því að gagnsæi myndi aukast eða frá um 67% 2012 til 75% 2016.

Þrátt fyrir að sú krafa sé gerð í lögum um ársreikninga að einingar tengdar almannahagsmunum setji á stofn endurskoðunarnefndir, þá voru það 30 einingar sem ekki höfðu gert slíkt. Ástæða þess ætti að koma fram í ársreikningum viðkomandi, t.d. að endurskoðunarnefnd móðurfélagsins sé samnýtt, vegna mikilvægi þeirra verkefna sem endurskoðunarnefndir hafa með höndum. Allt verður þetta að skoðast í samhengi við þær væntingar sem menn höfðu til endurskoðunarnefnda í upphafi um að auka traust á fjárhagsupplýsingum til fjárfesta og almennings á fjármálamarkaði.

Heimildir

- Blue Ribbon Committee (1999). *Report and Recommendations of The Blue Ribbon Committee on Improving The Effectiveness of Corporate Audit Committees*. New York: The New York Stock Exchange and The National Association of Securities Dealers.
- ECCIA, FERMA (2014). *Audit and Risk Committees News from EU Legislation and Best Practices*. Sótt 10. mars 2017 af http://www.ecia.eu/wp-content/uploads/2014/10/ECCIA_FERMA_Brochure_v8_HD1.pdf
- EFF (2016). Federation of European Accountants, *Auditor selection 4 steps to a more effective process*. Sótt 13. júní 2017 af https://www.accountancyeurope.eu/wp-content/uploads/Views_Auditor_selection_best_practices_final.pdf
- Elmar Hallgríms Hallgrímsson (2011). *Starfshættir endurskoðunarnefnda: Staðan á Íslandi með hliðsjón af stjórnarháttum fyrirtækja*. Sótt 1. september 2013 af <http://hdl.handle.net/1946/8224>
- Ruiz-Barbadillo, E., Biedma-López, E. og Gómez-Aguilar, N. (2007). Managerial dominance and audit committee independence in Spanish corporate governance. *Journal of Management & Governance*, 11, 311-352, 2007. Sótt á slóð DOI 10.1007/s10997-007-9035-4
- Einingar tengdar almannahagsmunum. Sótt 13. júní 2017 af <https://www.fme.is/efirlits-starfsemi/einingar-tengdar-almannahagsmunum/>
- European Commission (2011). *Restoring confidence in financial statements: the European Com-*

- mission aims at a higher quality, dynamic and open audit market.* Sótt 30. maí 2017 af http://europa.eu/rapid/press-release_IP-11-1480_en.htm
- European parliament and the council (2006). Directive 2006/43/ec of *The European parliament and of the council*. Sótt 5. september 2013 af http://www.esma.europa.eu/system/files/dir_2006_43_EN.pdf
- EU (2014). Directive 2014/56/EU of *The European parliament and of the Council* of 16 April 2014. Sótt <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32014L0056>
- Financial Reporting Council (2012). *Guidance on Audit Committees*. Sótt 22. mars 2017 af <https://www.frc.org.uk/Our-Work/Publications/Corporate-Governance/Guidance-on-Audit-Committees-September-2012.aspx>
- FME (2011). Umræðuskjal nr. 6/2011: *Drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila*. Sótt 10. september 2013 af http://www.fme.is/media/umraeduskjol/Umræduskjal_2011_6.pdf
- Gaynor, L. H., McDaniel, L. og Neal, L. T. (2006). The Effects of Joint Provision and Disclosure of Non-Audit Services on Audit Committee Members' Decisions and Investors' Preferences, *The Accounting Review*, 2006, 81(4), 873-896.
- Koh, H. C. og Woo, E-S. (1988). The expectation gap in auditing. *Managerial Auditing Journal*, 13, (3), 147-154.
- Kelton, A. S. og Yang, Y. (2008). The impact of corporate governance on Internet financial reporting. *Journal of Accounting and Public Policy*, 27(1), 62-87.
- Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland, hf. og Samtökum atvinnulífsins 2009 ISBN 978-9979-9916-2-5
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.
- Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.
- Lög nr. 80/2008 um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.
- NASDAQ. (2013). *Listing Rule 5605 Board of Directors and Committees*. Sótt 2. september 2013 af http://nasdaq.cchwallstreet.com/NASDAQTools/PlatformViewer.asp?selectednode=chp_1_1_4_3_8_9&manual=%2FNASDAQ%2Fmain%2Fnasdaq-equityrules%2F
- NASDAQ. (2013a). *Rule Update. Listing Rule 5605(d)(3) Compensation Committee Rules*. Sótt 2. september 2013 af <http://nasdaq.cchwallstreet.com/nasdaq/pdf/nasdaq-is-salerts/2013/2013-004.pdf>
- Piot, Charles, 2004, The existence of independence of audit committees in France. *Accounting and Business Research*, Vol. 34, No. 3, pp. 223-246, 2004
- SEC. (2003). *Final rule: Disclosure required by sections 406 and 407 of the Sarbanes-Oxley Act of 2002*. Sótt 8. september 2013 af <http://www.sec.gov/rules/final/33-8177.htm>
- SOX. (2002) *PUBLIC LAW 107-204—JULY 30, 2002*. Sótt 3. mars 2017 af <https://www.sec.gov/about/laws/soa2002.pdf>